



DalaAuður

# Verkefnisáætlun

Útgáfa 2023



Verkefnið DalaAuður hóst í mars 2022 með íbúapingi. Verkefnið er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi og Dalabyggðar.

Verkefnisáætlun er unnin upp úr skilaboðum íbúapings sem haldið var 2022 og er endurskoðuð árlega á íbúafundum. Henni er ætlað að fanga tækifæri byggðalagsins og marka stefnu út verkefnistímann 2022-2025.

Verkefnisáætlunin skiptist í fjögur meginmarkmið og 61 tímasett starfsmarkmið. Í áætluninni er hakað við starfsmarkmið sem er lokið.

Í verkefnisstjórn DalaAuðs sitja eftirtaldir aðilar:

Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Jón Egill Jóhannsson, fulltrúar íbúa  
Kristján Þ. Halldórsson og Helga Harðardóttir, Byggðastofnun

Páll S. Brynjarsson og Ólafur Sveinsson, SSV

Björn Bjarki Þorsteinsson, Dalabyggð.

Verkefnisstjóri er Linda Guðmundsdóttir, SSV.

# Framtíðarsýn DalaAuðs

Dalabyggð er fjölskylduvænt samfélag þar sem fólk af öllum kynslóðum leggur sitt að mörkum til að skapa góð lífsskilyrði fyrir alla. Mannlíf og menning blómstrar og býður upp á gott félagslíf og aðstöðu til heilsueflingar, fyrir unga sem aldna.

Í Dalabyggð er blómstrandi atvinnulíf og framúrskarandi innviðir s.s. eins og vegir, fjarskipti og rafmagn. Nægt framboð af íbúðar- og atvinnuhúsnæði er til staðar í byggðarlaginu.

Búðardalur er orðinn myndarlegur þéttbýlisstaður með gróskumikið atvinnulíf sem byggir meðal annars á nýsköpun. Bærinn er snyrtilegur og gott er að fá sér göngutúr um fjölmargar gönguleiðir um og í kringum hann. Sundlaug og margs konar þjónusta er í boði fyrir heimamenn og ferðamenn allt árið um kring.

Í dreifbýlinu býr fólk og stundar fjölbreytt störf og búskap í sátt við umhverfið. Dalabyggð er svo sannarlega matarkista og hafa íbúar nýtt sér auðlindir héraðsins til nýsköpunar og verðmætasköpunar.

Ímynd Dalabyggðar sem fallegrar sveitar í faðmi fjalla hefur styrkst og hingað leitar fólk til að njóta kyrrðarinnar og þeirra afurða sem landið gefur af sér. Fólk kemur í Dalabyggð og hugsar „þetta er fallegasta sveit í heimi“. Hér er gott að búa og hér er gott að dvelja.



# Meginmarkmið

---

- 01 — Samkeppnishæfir innviðir**
- 02 — Skapandi og sjálfbært atvinnulíf**
- 03 — Auðugt mannlíf**
- 04 — Öflug grunnþjónusta**

# Hugtakanotkun og orðskýringar

Brothættar byggðir:

- Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.

DalaAuður:

- Verkefni Brothættra byggða í einstökum þáttökubýggðarlögum fá sérstök heiti. Nafnið „DalaAuður“ er hér notað um verkefnið í Dalabyggð og felur í sér skírskotun í mannauðinn, menningarauðinn og sögu svæðisins.

Byggðarlag/byggð:

- Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.

Stefnumótun:

- Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þáttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.

Framtíðarsýn:

- Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.

Meginmarkmið:

- Markmið sem styðja framtíðarsýn og fela í sér skilgreiningu framtíðarstöðu í þeim áherslupáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.

Starfsmarkmið:

- Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið. Á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.

# Meginmarkmið 1

## Samkeppnishæfir innviðir

Meginmarkmiðið er að í Dalabyggð verði samkeppnishæfir innviðir en þeir eru forsendan fyrir uppbyggingu atvinnutækifæra og þjónustu í byggðarlaginu. Uppbygging vega og öruggra fjarskipta er brýn, ásamt því að tryggja þrífösun rafmagns og raforkuöryggi. Auka verður framboð á atvinnu- og íbúðarhúsnæði og byggja ný íþróttamannvirki í Búðardal.

Stefnt verði að uppbyggingu fjölbreyttra innviða til útivistar, til að auka lífsgæði íbúa. Snyrtilegt, fallett og gróðurrikt umhverfi einkenni Dalabyggð.

7 SJÁLFBÆR  
ORKA



8 GÓÐ ATVINNA  
OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPLUN OG  
UPPBYGGING



10 AUKINN  
JÖFNUÐUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR  
OG SAMFÉLÖG



## Samkeppnishæfir innviðir

**21 starfsmarkmið**  
**3 starfsmarkmiðum lokið ✓**  
**1 starfsmarkmið aflagt**  
**2 ný markmið**

### 1.1. Byggðar verði í það minnsta 10 íbúðir í Búðardal fyrir lok árs 2025.

Skoðaðir verða allir kostir til að hægt sé að auka við uppbyggingu húsnæðis í sveitarfélaginu á starfstímanum. Stefnt sé með þessu að fjölbreyttara framboði á íbúðarhúsnæði.

Ábyrgð: Sveitarstjórn og byggðaráð.

*Tengist markmiði C.5. í aðgerðaráætlun Byggðaaáætlunar.*

**Aðgerð A:** Lóðaframboð í Dalabyggð verði auglýst og markaðssett árin 2022-2023.

**Aðgerð B:** Sveitarfélagið hafi forgöngu á því að leigufélög byggi íbúðir á starfstímabilinu og áfram og að stefnt verði að uppbyggingu á a.m.k. 10 íbúðum á árunum 2022-2025.

**Aðgerð C:** Unnið verði að deiliskipulagi fyrir Búðardal í heild sinni, þar sem lausar lóðir og nýjar lóðir verða deiliskipulagðar. Vinna við gerð deiliskipulagsins hefjist í ársbyrjun 2024. (Bætt við 2023).

### **LOKIÐ ✓ 1.2. Stofnað verði fjárfestingafélag um uppbyggingu iðngarða í Búðardal fyrir lok árs 2023.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, byggðaráð, atvinnumálanefnd og áhugasamir atvinnurekendur.

### 1.3. Lokið verði við byggingu íþróttahúss og sundlaugar í Búðardal á árinu 2026.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Hafin verði bygging íþróttamannvirkja í lok árs 2024 og stefnt að því að verkið taki tvö ár.

### 1.4. A.m.k. tvær gönguleiðir verði betrubættar eða útbúnar í og við Búðardal fyrir árið 2025.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, Umhverfis- og skipulagsnefnd, framkvæmdasvið, verkefnisstjóri, UDN, áhugafólk um Mylluna og Dalinn.

Tillögur að leiðum, lagðar til af íbúum á íbúáþingi og íbúafundi 2023:

- Fleiri bekkjum verði komið fyrir sunnarlega í Búðardal, til að betrubæta eldri borgara hringinn.

- Búinn verði til lundur/rjóður í skóginum norðan við Búðardal og gönguleið frá Búðardal í lundinn.
- Í samstarfi við eigendur verði kannað hvort hægt væri að bæta Mylluna og hennar nánasta umhverfi yrði bætt svo að þar verði lágstemmd gönguleið og áningarstaður með útsýni yfir Hvammsfjörð.

**Aðgerð A:** Göngubrýr á gönguleið upp að hesthúshverfi í Búðardal verði endurbættar. (Bætt við 2023).

**LOKIÐ✓ 1.5. Kortlagning gönguleiða víða um Dalabyggð, sem unnin er að á vegum SSV, verði gerð aðgengileg almenningi árið 2023. Valdar leiðir verði stikaðar, þar sem það á við, til að auka aðgengi að þeim.** Ábyrgð: SSV, Verkefnisstjóri, sveitarstjórn, landeigendur.

**1.6. Samstarfsverkefni á vegum SSV, Dalabyggðar og markaðsstofu Vesturlands verði sett á legg til að útbúa upplýsingapakka og kynningarefni um útivistarleiðir, svo sem göngu-, reið- og hjólaleiðir í Dalabyggð, sem verði tilbúinn fyrir sumarið 2024.**

Ábyrgð: SSV, Verkefnisstjóri, verkefnastjóri ferðamála.

**1.7. Komið verði á samtali milli hlutaðeigandi aðila um skipulag reiðleiða í Dalabyggð árið 2024. (Áherslum markmiðs breytt eftir íbúafund 2023).**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, sveitarstjórn, Vegagerðin, hestamannafélagið Glaður.

**Aðgerð A:** Verkefnisstjóri boði fund með hlutaðeigandi aðilum þar sem farið verður yfir stöðu reiðleiða og kynntar tillögur íbúa frá íbúafundi 2023. (Bætt við 2023).

**1.8. Unnið verði að a.m.k. tveimur verkefnum sem fela í sér uppbyggingu skógarstíga eða áningarstaða innan skóga fyrir 2025.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, íbúar, landeigendur, félag.

**1.9. Unnið verði eftir tillögum og forgangsröðun vegaframkvæmda á starfstímabilinu 2022-2025, líkt og þær eru lagðar til í Samgönguáætlun Vesturlands og forgangsröðun Dalabyggðar í samgöngumálum.<sup>1</sup> Íbúar verði upplýstir um framvindu og frávík framkvæmda í byggðarlaginu.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjórn, SSV.

**Aðgerð A:** Sveitarstjórn fylgi eftir að tímasetningum sé framfylgt.

**1.10. Stofnvegurinn um Skógarströnd verði endurbættur og árlegar fjárveitingar til verkefnisins tryggðar þannig að klára megi framkvæmdir sem fyrst.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjórn, SSV.

---

<sup>1</sup> Samgögnuáætlun Vesturlands er áætlun í vegamálum sem var unnin í samstarfi allra sveitarfélaga í landshlutanum þar sem lagðar hafa verið fram tillögur að forgangsröðun og áherslur í vegaframkvæmdum. Dalabyggð vann einnig að [forgangsröðun fyrir sveitarfélagið](#) sumarið 2023.



**1.11. Lögð verði áhersla á að leggja bundið slitlag á Laxárdalsveg eigi síðar en árið 2024.** Mikilvægt er að byggja nýjar tvöfaldar brýr/ræsi á Laxárdalsheiði samhliða því sem vegurinn er lagður bundnu slitlagi. Þegar framkvæmdum er lokið verði þrýst á það að vegurinn um Laxárdal verði skilgreindur sem stofnvegur.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjórn, SSV.

**1.12. Gerð verði þarfagreining og áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í byggðarlaginu árið 2023.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

**LOKIÐ ✓ 1.13. Þegar áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í Dalabyggð liggur fyrir, sbr. markmið 1.12., eigi sér stað samtal við ríki og þjónustuaðila um aðgengi að hleðslustöðvum árið 2024, með tilliti til áherslu ríkisvaldsins á orkuskipti.** Ábyrgð: Sveitarstjórn.

**1.14. Byggt verði upp hleðslustöðvanet í Dalabyggð í samræmi við ofangreinda áætlun í 1.12 fyrir lok árs 2025.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, þjónustuaðilar, Rarik.

*Tengist markmiði A.j. og B.n. í Byggðaáætlun.*

**1.15. Árlega verði unnið að framgangi í þrífösun og að því að leggja rafmagn í jörð á starfstímanum. Lokið verði að fullu við þrífösun á rafmagni og að leggja strengi í jörðu árið 2026.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Rafmagnsleysi er víða of algengt og ítreka íbúar mikilvægi þess að leggja strengi í jörð í Dalabyggð. Þá er bent á mikilvægi jafnræðis þegar kemur að þrífösun og að einstaka bæir verði ekki eftir í slíkri uppbyggingu.

**Aðgerð A:** Sveitarstjórn þrýsti á ríkið að flýta þrífösun rafmagns í Dalabyggð og lagningu rafstrengja í jörð. Einnig verði gætt að jafnræði jarða við framkvæmdir.

**1.16. Gert verði áttak í að styrkja fjarskiptainnviði og bæta þannig símasamband í Dalabyggð árið 2024-2025.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Höfð verði til hliðsjónar samantekt á símasambandslausum punktum í Dalabyggð, sem gerð var árið 2022 og samráð verði haft við landeigendur um staðsetningu senda sem eru settir upp.

Aðgerð: Sveitarstjórn sendi hvatningu um að varaafli verð aukiði við möstur, svo símasamband haldist í rafmagnsleysi. (bætt við 2023).

**1.17. Íbúar fá kynningu á kostum og göllum varmadæla og reglum um niðurgreiðslur í því sambandi, á verkefnistímanum.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, sveitarstjórn.

Áhugasamir íbúar fá í kjölfarið aðstoð við að sækja um styrki við uppsetningu varmadæla út starfstímabilið.

*Tengist meginmarkmiði B.n. í Byggðaaætlun og aðgerðum B.1. og B.2 í aðgerðaráætlun Byggðaaætlunar.*

**1.18. Átak verði í nýtingu félagsheimila í Dalabyggð árin 2022-2025.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, rekstraraðilar félagsheimila, íbúar.

Auglýst verði með reglubundnum hætti eftir áhugasömum rekstraraðilum eða skipulagðir viðburðir til að glæða félagsheimilin lífi árin 2022-2025. Séu forsendur til staðar fyrir sölu félagsheimilis, kanni sveitarfélagið kosti þess.

**1.19. Árið 2022 eigi sér stað formlegt samtal við Biskupsstofu um nýtingu kirkna og uppbyggingu og viðhald á sögufrægum kirkjum í Dalabyggð. (Markmið aflagt á íbúafundi 2023).**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, sóknarnefndir og skipulagsnefnd, verkefnisstjóri.

**1.20. Sveitarfélagið skoði að fá til liðs við sig íbúa og aðra sjálfboðaliða til að taka þátt í hreinsunarátaki í byggðarlaginu, sumrin 2023, 2024 og 2025.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjóri, rekstraraðilar, landeigendur, íbúar, "hálfbúar", félag.

Íbúar og rekstraraðilar verði hvattir til að taka þátt og koma með hugmyndir að nauðsynlegum hreinsunaráttökum.

**Aðgerð A:** Árlega verði veittar umhverfisviðurkenningar. (bætt við 2023).

**1.21. Sveitarstjórn þrýsti á að settar verði hraðahindranir við innkomu í Búðardal árin 2024-2025, til að draga úr umferðarhraða í bænum. (Nýtt starfsmarkmið 2023).**

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

**1.22. Sveitarfélagið vinni að deiliskipulagi fyrir þéttbýlið, þar sem unnið verður að framtíðarskipulagi útivistarsvæða, iðnaðarsvæðis og lóða fyrir íbúðarhúsnæði. Vinna við gerð deiliskipulagsins hefjist í ársbyrjun 2024. (Nýtt starfsmarkmið 2023).**

Tillögur frá íbúafundum:

- Dalurinn verði uppbyggður þannig að hann nýtist betur sem útivistarsvæði.
- Hugmynd um vetrarútivistarsvæði í Búðardal, t.d. sleða- eða skíðabrekka, gönguskíðabraut eða skautasvell.
- Stækkun tjaldsvæðis.

**Aðgerð A (bætt inn 2023):** Dalabyggð kanni möguleikan á samstarfi við LBHÍ fyrir árslok 2025, um hönnunartillögu að Dalnum og skoðaður verði möguleikinn á hugmyndasamkeppni um Dalinn í Auðarskóla.

# Meginmarkmið 2

## Sjálfbært og skapandi atvinnulíf

Sprotafyrirtæki, nýsköpun og störf án staðsetningar ná að blómstra og auka fjölbreytileika í atvinnulífinu í Dalabyggð. Sérstaklega verði hvatt til atvinnuuppbyggingar sem stuðlar að aukinni sjálfbærni og verðmætasköpun.

Góðir landkostir dreifbýlisins verði nýttir til fjölbreyttrar atvinnustarfsemi og staðinn verður vörður um landbúnað og aðra starfsemi á svæðinu.

Menning og saga svæðisins verði nýtt sem sóknartækifæri í ferðaþjónustu.



## Skapandi og sjálfbært atvinnulíf

**18 starfsmarkmið**  
**✓4 starfsmarkmiðum lokið**  
**1 starfsmarkmið aflagt**

### 2.1: Árið 2025 verði a.m.k. þrjú einstaklingar starfandi að staðaldri í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.

Ábyrgð: Sveitarfélag, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.

Markmiðið er að efla verðmæti og fjölbreytileika starfa með fleiri óstaðbundnum og opinberum störfum í Dalabyggð. *Tengist markmiði B.c og B.d í Byggðaaáætlun og aðgerðum A.8., B.3. og B.7 í Aðgerðaráætlun Byggðaaáætlunar.*

**Lokið✓ Aðgerð A:** Úthlutað verði í fyrsta sinn úr frumkvæðissjóði DalaAuðs haustið 2022.

**Aðgerð B: (Fellð út árið 2023).** Verkefnisstjóri DalaAuðs, kynni sjóðinn fyrir fyrirtækjum og hvetji þau til að leggja verkefninu lið.

**Lokið✓ Aðgerð C:** Aðstaða Nýsköpunarseturs verði betrubætt haustið 2022, til að hún henti betur starfseminni sem þar fer fram. Sett verði upp a.m.k. þrjú skrifborð og stólar ásamt skilrúmum þar sem þarf.

**Lokið✓ Aðgerð D:** Einstaklingar sem vinna að umsóknum í frumkvæðissjóð geti nýtt aðstöðu Nýsköpunarseturs án endurgjalds.

**Lokið✓ Aðgerð E:** DalaAuður verði virkt á samfélagsmiðlum.

**Lokið✓ Aðgerð F:** Nýsköpunarsetur verði markaðssett í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

**Aðgerð G:** Vakin verði athygli á óstaðbundnum störfum innan Dalabyggðar.

**Aðgerð H:** Unnið verði áfram að endurbótum Nýsköpunarseturs, meðal annars verði þar sett upp kaffi- og prentaðstaða sem nýtist notendum rýmisins. (Bætt inn 2023).

### **LOKID✓ 2.2. Sett verði á fót Ráðgjafaráð Nýsköpunarseturs sem yrði samansett af heimafólki og fjarbúum sem er tilbúið að miðla sinni þekkingu til áhugasamra.**

Ábyrgð: Heimafólk og fjarbúar, verkefnisstjóri.

### 2.3. Sveitarstjórn kanni möguleikan á tilfærslu opinberra starfa til Dalabyggðar árin 2022-2024.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

### 2.4. Farið verði í markaðssetningu á Dalabyggð til hagsbóta fyrir samfélagið og árlega verði vakin athygli á Dalabyggð sem búsetukosti, atvinnusvæði og frístundasvæði.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

**Aðgerð A:** Boðið verði upp á raunfærnimat fyrir iðnaðarmenn í Dalabyggð í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

**Aðgerð B:** Útbúið verði efni fyrir markaðssetningu Dalabyggðar, sem verður aðgengilegt á vefnum og sem atvinnurekendur geta nýtt sér þegar auglýst er eftir starfsfólki.

**Aðgerð C:** (Bætt inn 2023). Dalabyggð skoði að útvega fleiri myndir fyrir myndabanka sem sveitarfélagið, íbúar og rekstraraðilar hafi aðgang að.

## 2.5. Leitað verði samstarfs við stjórnvöld um þróunarverkefni í landbúnaði þar sem fundnar verða leiðir til aukinnar arðbærni í atvinnugreininni, á árunum 2022-2025.<sup>2</sup>

Ábyrgð: Sveitarstjórn, SSV, Verkefnisstjórn, áhugasamir íbúar.

**LOKIÐ✓2.6. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni í skógrækt, grænmetis- og/eða fóðurrækt verði hrundið af stað fyrir lok árs 2025.** (Markmiði náð en enn eru sóknarfæri á þessu sviði, aðgerðum er ekki lokið).

Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar og landeigendur.

**Aðgerð A:** Ráðunautur fenginn til að hjálpa að meta og kynna hvaða styrkir og sóknarfæri eru til staðar, t.d. í aukinni grænmetisræktun og fóðurrækt.

**Aðgerð B:** Haldnir verði a.m.k. tveir fræðslufyrirlestrar um skógrækt á árunum 2023 og 2024, bæði varðandi nytjaskóga og kolefnisbindingu.

## 2.7. Búið verði til vörumerki á verkefnistíma DalaAuðs, fyrir vörur framleiddar í Dalabyggð.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, rekstraraðilar.

## 2.8. Námskeið verði haldið í vörubrún, markaðssetningu og að koma afurðum og vörum í sölu árin 2023-2024.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, SSV.

## 2.9. Verkefnisstjóri aðstoði þá sem hafa áhuga á að selja vörur framleiddar í héraðinu, við að koma þeim í sölu á árunum 2022-2025.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, rekstraraðilar, íbúar.

---

<sup>2</sup> Landshlutasamtökin á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra hafa ákveðið að leggja í vinnu til að leita lausna á þeim vandamálum og erfiðleikum sem hafa komið upp í landbúnaði. Þar er líka verið að skoða þessa samhangandi þætti sem hafa áhrif á afkomu, svo sem innviði, fjarskipti, hugmyndir um búháttarbreytingar o.fl. Lagt er til að skoðað verði í því samhengi hvort hægt væri að styðja við þróunarverkefni í landbúnaði í Dalabyggð, til auka arðbærni í atvinnugreininni.

**LOKID✓ 2.10. A.m.k. tvö þróunarverkefni í framleiðslu, markaðssetningu og/eða sölu afurða úr byggðalaginu, fari af stað fyrir lok árs 2025.** (Markmiði náð en enn er sóknarfæri á þessu sviði).

Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar og rekstraraðilar.

Með þessu verði stefnt að aukinni fjölbreytni afurða og vara úr héraði í sölu í Dalabyggð.

*Tengist markmiði B.j. í Byggðaaáætlun og aðgerð C.11 í aðgerðaráætlun Byggðaaáætlunar.*

**LOKID✓ 2.11. Að hafið verði a.m.k. eitt frumkvæðisverkefni sem felur í sér nýsköpun í verslun í byggðarlaginu fyrir árið 2025.**

Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, rekstraraðilar, íbúar.

**2.12. Sett verði fram heildstæð stefna í ferðaþjónustu sem snýr að hæglæti á árunum 2024-2025.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjóri ferðamála, verkefnastjóri DalaAuðs.

**2.13. Markaðssetningar átaki fyrir áfangastaðinn Dalabyggð verði hrundið af stað fyrir sumarið 2024.**

Ábyrgð: Ferðaþjónustuaðilar, verkefnisstjóri ferðamála, verkefnastjóri DalaAuðs.

**Aðgerð A:** Hugað verði að því að markaðssetning auðveldi ferðaþjónustuaðilum á svæðinu að lengja opnunartímann hjá sér.

**2.14. Greind verði sóknarfæri og nýtingarmöguleikar sem felast í menningarminjum og menningararfi Dalabyggðar árið 2024. (Aflagt 2023).**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri ferðamála, verkefnastjóri DalaAuðs, verkefnastjórn.

**2.15: Árin 2023-2025 verði unnið að því að móta hugmynd að afþreyingu og upplifun tengdri Auði djúpúðgu. (Áherslubreyting 2023).**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, áhugasamir íbúar.

**2.16. Unnið verði að gerð hljóðleiðsagnar um Dalina árið 2024, sem tengir svæðið við landnámssöguna.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, áhugasamir íbúar.

**2.17. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni fari af stað í ferðaþjónustu á tímabilinu 2022-2025.**

Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar, rekstraraðilar.

Kostur er ef verkefni eru t.d. með sjálfbærismarkmið, halda menningararfi svæðisins á lofti eða hafi tengingu við Breiðafjörðinn. Einnig hefur verið bent á tækifæri sem felast í nýsköpunarverkefnum á borð við leirböð og ostagerðarsafn.

**2.18. Dalabyggð hagi verkkaupum þannig að heimaaðilar eigi möguleika á að bjóða í verk á starfstímabilinu og eftir það.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Með þessu verði stefnt að því að styðja við þá atvinnu sem þegar er á svæðinu með því að kaupa þjónustu af verktökum, iðnaðarfólki o.fl. sem starfa í byggðarlaginu.

**2.19. Áhugasöm fyrirtæki fái aðstoð við að innleiða grænan tékklista í sínum rekstri og möguleiki á umhverfisvottun fyrir minni fyrirtæki kannaður árin 2023-2024.**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, áhugasamir rekstraraðilar.

**Aðgerð A:** Fræðsla verði haldin um „græna ferðaþjónustu“ fyrir áhugasama rekstraraðila, í samstarfi við t.d. Umhverfisstofnun.



# Meginmarkmið 3

## Auðugt mannlíf

Auðugt mannlíf eykur hamingju og vellíðan íbúa. Auðugt mannlíf sem einkennist af öflugu menningar-, íþróttar- og félagsstarfi verði í Dalabyggð, þar sem íbúar á öllum aldri taka þátt. Menningararfur og menningarstarf verði öllum aðgengileg.



## Auðugt mannlíf

12 starfsmarkmið  
2 starfsmarkmiðum lokið ✓  
4 ný starfsmarkmið  
2 starfsmarkmið aflögð

3.1. Haldið verði áfram formlegum viðræðum við ríkið árið 2023 um að nýta Staðarfell til að stofna menningarsetur, þar sem færi fram fjölbreytt safna-, fræða, félags- og/eða listastarf. (Aflagt árið 2023).

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

3.2. Haldin verði tómstundanámskeið eða fræðsluerindi fyrir íbúa, a.m.k. tvisvar á ári í Dalabyggð, árin 2023-2025.

Ábyrgð: Félagasamtök, einkaaðilar, rekstraraðilar, Símenntun Vesturlands, verkefnisstjóri.

3.3. Áttuganámskeið, um sögu, náttúru og menningu í Dölum, verði haldið árið 2024.

Ábyrgð: SSV, Dalabyggð, verkefnisstjóri DalaAuðs.

3.4. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð á starfstímanum. Meðal annars verði leitað verði leiða til að gera frístundastarf og menningarstarf aðgengilegra fyrir eldri borgara. (Markmið 3.4. og 3.10 sameinuð árið 2023).

Ábyrgð: Félag eldri borgara, sveitarstjórn.

**Aðgerð A:** Unnið verði að því að gera viðburðadagskrá Dalabyggðar aðgengilega á töflunni á Silfurtúni árið 2024. (Bætt við 2023).

**Aðgerð B:** Nemendur Auðarskóla heimsæki íbúa Silfurtúns og t.d. spili og spjalli við þau eða leiki fyrir þau tónlist árið 2024. (Bætt við 2023).

**LOKID ✓** 3.5. A.m.k. eitt frumkvæðisverkefni á sviði lista eða lýðheilsu, sem eflir félagsstarf á svæðinu, fari af stað í byggðarlaginu fyrir árslok 2025.

Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, íbúar, félög.

**3.6. Byggðahátíðir verði nýttar árlega til að auka tækifæri í listsköpun til ársins 2025, t.d. í tónlist, myndlist eða handverki. Auglýst verði sérstaklega eftir þátttöku á því sviði.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnastjóri markaðsmála, verkefnisstjóri DalaAuðs, rekstraraðilar, íbúar.

**3.7. Skoðaður verði möguleikinn á að bjóða upp á nám fyrir fullorðna í tónlistarskólanum á starfsárinu 2024-2025.**

Ábyrgð: Sveitarfélag.

**3.8. Íbúar bjóði nýbúa og “hálfbúa” velkomna í umræðuhópa á samfélagsmiðlum, til að allir geti tekið þátt í umræðum og viðburðastarfi innan Dalabyggðar.**

Ábyrgð: Íbúar.

**3.9. Útbúinn verði póstlisti haustið 2022, fyrir “hálfbúa” og aðra áhugasama sem vilja fá upplýsingar um það sem er að gerast í Dalabyggð. (Aflagt 2023).**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, “hálfbúar”.

**Aðgerð A:** Dalapósturinn sé sendur út rafrænt á póstlistann.

**LOKIÐ✓ 3.10. Skemmtilegi klúbburinn haldi sinn fyrsta fund haustið 2022 en í gegnum hann standi íbúum og velunnurum Dalabyggðar til boða að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi, sem verður opið öllum. (Fundurinn var haldinn en félagslífið hefur þróast og blómstrað á öðrum forsendum í kjölfarið).**

Ábyrgð: Íbúar og aðrir áhugasamir einstaklingar.

**3.11. Hugað verði að forvörslu safnmuna Dalabyggðar og byggt viðunandi geymslurými árið 2025 fyrir muni byggðasafns og listasafns á starfstímabilinu. (Nýtt starfsmarkmið 2023).**

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

**3.12. Á starfstímanum verði húsakostir Dalabyggðar nýttir til að sýna safnmuni sveitarfélagsins. Áhersla verði á lifandi og hreyfanlegt sýningarhald safnmuna. (Nýtt starfsmarkmið 2023).**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, starfsmenn Dalabyggðar, aðrir áhugasamir aðilar.

**3.13. Skoðað verði hvort hægt sé að nýta hluta af kirkjubyggingum í Dalabyggð undir menningarviðburði eða menningarstarf árið 2024. (Nýtt starfsmarkmið 2023).**

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, sóknarnefndir.

**Aðgerð A:** Verkefnastjóri boði sóknarprest og sóknarnefndir á fund til að athuga áhuga nefndanna á að einstaka kirkjur í þeirra umsjá verði nýttar undir menningarviðburði.

**3.14. Hjómsveitir og aðrir í tónlistarsköpun standi til boða að nýta Dalabúð til tónlistarsköpunar.**  
(Nýtt starfsmarkmið 2023).

Ábyrgð: Sveitarstjórn, íbúar.

# Meginmarkmið 4

## Öflug grunnþjónusta

Allir íbúar Dalabyggðar hafi greiðan aðgang að öflugri grunnþjónustu opinberra aðila sem einkaaðila, sem mótist í samráði við þjónustunotendur.

Í Dalabyggð sé virkt lærdómssamfélag og heilbrigðisþjónusta til fyrirmyndar.



## Öflug grunnþjónusta

**10 starfsmarkmið**  
**3 starfsmarkmiðum lokið ✓**  
**1 nýtt starfsmarkmið**  
**1 starfsmarkmið aflagt**

### 4.1. Skipulagt verði samráð með ákveðnum hópum samfélagsins árið 2023.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Markmiðið er að auka lýðræði og stuðla að notendavænni þjónustu í Dalabyggð.

**Aðgerð A:** Skapaður verði virkur samráðsvettvangur vegna skólamála, til að mynda með eflingu skólaráðs, til að efla samtal á milli sveitarfélags, skólastjórnenda og foreldra.

**Lokið ✓ Aðgerð B:** Komið verði á mánaðarlegum fréttum á heimasíðu Auðarskóla, fyrir alla áhugasama sem vilja fylgjast með skólastarfinu.

**Aðgerð C:** Reglulegir fundir verði einnig með nemendaráði grunnskólans varðandi ákvarðanir um skólamál. Séstaklega verði rætt við þau um aðbúnað og val í námi.

**Aðgerð D:** Reglulegir samráðsfundir verði með eldri borgurum varðandi þjónustu við þann hóp.

**Lokið ✓ Aðgerð E:** Stjórnendur Silfurtúns og Auðarskóla kanni möguleikann á því að vera með heimsóknir á milli stofnana sem heimilisfólk og nemendur beggja stofnanna geta tekið þátt í.

### 4.2. Útiaðstaða í Auðarskóla verði metin og úrbótaáætlun gerð, samhliða fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir 2025.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

**Aðgerð A:** Fundað verði með skólastjórnendum, kennurum og nemendum til að fá betri sýn á það hvaða úrbóta og nýjunga er þörf.

**Bætt inn 2023 -> Aðgerð B:** Sveitarfélagið kanni möguleikann á að bætt verði við leiktækjum árið 2024. Sett verði upp útibekkir/borð á leikskólalóðinni sama ár.

**Bætt inn 2023 -> Aðgerð C:** Sveitarfélagið skoði möguleikann á samstarfi við LBHÍ um hönnun á umhverfi og útiaðstöðu íþróttamannvirkis, skólans og leikskólans fyrir árslok 2025.

### **LOKIÐ ✓** 4.3. Vatnsbrunnur í Auðarskóla verði kominn í gagnið haustið 2022.

Ábyrgð: Skólastjórnendur Auðarskóla.

**LOKID✓ 4.4. Sveitarfélagið kanni hvort verði hvort hægt sé að koma á frístundarbíl, í tilraunaskyni, milli Búðardals og Lauga árin 2022-2024.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, skólastjórnendur Auðarskóla.

**4.5. Fjölbreytt framhaldsskólanám víða um landið, verði kynnt árlega fyrir nemendum á elsta stigi.**

Ábyrgð: Skólastjórnendur Auðarskóla.

**Aðgerð A:** Starfskynningar verði haldnar fyrir nemendur.

**4.6. Aðgengi að heilbrigðis stoðþjónustu á borð við sjúkráþjálfun verði aukið fyrir árið 2023.**

Ábyrgð: Rekstraraðilar, íbúar.

**LOKID✓ 4.7. Verkefnisstjóri og Rauði krossinn kanni möguleika á að hefja sjálfbóðaliðaverkefni undir formerkjum hreyfingarinnar árið 2023, sem nýst gæti t.d. eldri borgurum í Dalabyggð til félagslegrar virkni eða samveru.**

Ábyrgð: Rauði krossinn í Dalabyggð, verkefnisstjóri og íbúar.

**4.8. Innleidd verði móttökuáætlun vegna móttöku nýbúa árið 2024 og útbúinn upplýsingapakki sem fólk fengi þegar það flytur til Dalabyggðar.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

**4.9. Átak í fræðslu um skipulagsmál á mannamáli á árinu 2024.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Stefnt er að því að auka þekkingu almennings á skipulagsmálum, íbúum til gagns, með virkri fræðslu um skipulagsmál á mannamáli.

**4.10. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð árin 2022-2025. (Fellt inn í markmið 3.4 árið 2023).**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, félag eldri borgara.

**4.11. Árin 2024-2025 verði unnið að því að kortleggja þörf á hjólastólaaðgengi við opinberar byggingar og settir upp rampar í samræmi við þá þörf. (Nýtt starsmarkmið 2023).**

Ábyrgð: Sveitarstjórn, forstöðumenn stofnana.